

Mánudaginn 12. maí, kl. 15:30
Austurstræti 5, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM).

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 1. apríl 2025 samþykkt.
2. Skýrsla myndlistarráðs 2022-2025
 - Tinna lagði fram skýrslu og tölfræði fyrir tímabilið frá haustúthlutun 2022 til vorúthlutunar 2025, eins og ákveðið var á síðasta fundi.
 - Umræður.
 - Ráðið ákveður að vinna innihald skýrslunnar áfram og taka fyrir á næsta fundi.
3. Vorúthlutun myndlistarsjóðs 2025
 - Tinna og Auður upplýsa ráðið um eftirfylgni við vorúthlutun. Athöfnin gekk vel, hönnuð voru afhendingarskjöl eins og lagt var upp með. Í fyrsta sinn voru styrkir greiddir strax til styrkþega eftir athöfn.
 - Ráðið ræðir um að bæta þurfi hljóðvistina í sameiginlega rýminu í Austurstræti 5 og notast mætti við hljóðkerfi við næstu athöfn.
4. Haustúthlutun myndlistarsjóðs 2025
 - Tinna og Auður fara yfir fjárhagsáætlun 2025.
 - Ráðið ákveður að úthluta 26.000.000 kr. í haustúthlutun myndlistarsjóðs 2025.
 - Tinna fer yfir verkáætlun fyrir haustúthlutun. Opnað verður fyrir umsóknir í lok maí og umsóknarfrestur er 18. ágúst. Svarbréf verða send út 29. september.
 - Tinna greinir frá því að ekki sé komið svar frá ráðuneytinu varðandi Stafrænt pósthólf. Hún mun halda áfram að fylgja því eftir.
5. Íslensku myndlistarverðlaunin 2026
 - Tinna greinir frá því að SÍM hafi gert mistök við skipan í dómnefnd og sent leiðréttingu.
 - Málið afgreitt að hálfu ráðsins.
6. Vinnustofudvöl í ISCP árið 2026
 - Umsóknarfrestur í vinnustofudvöl ISCP er 19. maí.
 - Rætt um matsferlið, umsóknir verða sendar til ráðsmanna 20 maí.
 - Ráðið ákveður að halda fund 22. maí til að afgreiða umsóknir.
7. Önnur mál
 - Engin önnur mál.

Fundi slitið 16:45

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 22. maí 2025 kl. 15:00.